

9. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 17. október 2016 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnesei 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesei 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnesei 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Gestir á fundinum voru Davíð Már Bjarnason með erindi, Elín Agla Briem og Hulda Björk Þórisdóttir á heyrn.

Dagskrá:

1. Erindi Davíðs Márs Bjarnasonar. Davíð mætir til fundarins.
 2. Bréf frá Reyni Traustasyni.
 3. Bréf frá Mannvirkjastofnun, lagt fram til kynningar og ákvarðanatöku.
 4. Rekstrarkostnaður, hækkun samninga.
 5. Bréf frá Samb.ísl.sveitarfél. og Innanríkisráðuneytinu v. kosninga.
 6. Byggðakvóti fyrir fiskveiðárið 2016 – 2017.
 7. Fyrstu hugmyndir að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017...
 8. Ljósleiðaravæðing sveitarfélaga, bréf frá Mílu lagt fram til kynningar.
 9. Bréf til nýs skólastjóra.
 10. Samtök orkusveitarfélaga, bréf lagt fram til kynningar.
 11. Bréf frá Benedikt Björnssyni arkitekt lagt fram til kynningar.
 12. Snorraverkefnið, bréf lagt fram til kynningar. Umræða/ákvarðanataka almennt vegna styrkumsókna.
-
1. Davíð Már Bjarnason flutti erindi varðandi stefnumörkun og framtíðarsýn fyrir Árneshrepp. Nánari umræða fer fram á næsta fundi.
 2. Bréf frá Reyni Traustasyni kynnt fyrir hreppsnefnd. Þar eru nokkrir punktar varðandi það sem gæti bætt þjónustu við gesti og íbúa svæðisins.
 3. Bréf lagt fram til kynningar frá Mannvirkjastofnun. Hreppsnefnd ákvað að losa sig við slökkvilið sem er staðsettur í Djúpavík. Annað hvort að selja eða gefa til slökkviliðs Hólmavíkur eða Sorpsamlagsins. Áfram verður leitað eftir samvinnu við slökkvilið Hólmavíkur.
 4. Hækkun launa eftir kjarasamningum tekið til umræðu. Samþykkt var að hækka laun oddvita/skrifstofumanns og verða framvegis greidd samkvæmt launaflokki 142 skrifstofustarf.
 5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Innanríkisráðuneytinu vegna kosninga tekið til umræðu og kynningar. Kjörskrá undirrituð og samþykkt.
 6. Búið er að sækja um byggðakvóta fyrir fiskveiðárið 2016-2017. Bréf lagt fram til kynningar.
 7. Fyrstu hugmyndir um fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 teknar til umræðu. Rætt var um að skipta um járn á þaki á félagsheimili, viðhald á skóla, bað og eldhús í íbúð 1 í Kaupfélagshúsi samkvæmt samkomulagi við íbúa og þrif á vatnstanki. Fleiri brýn verkefni liggja fyrir sem verða nánar útlistuð í fjárhagsáætlun.
 8. Bréf frá Mílu varðandi ljósleiðaravæðingu lagt fram til kynningar.
 9. Bréf til nýs skólastjóra lagt fram til kynningar.
 10. Bréf frá samtökum orkusveitarfélaga lagt fram til kynningar.
 11. Bréf frá Benedikt Björnssyni arkitekt og skipulagsráðgjafa þar sem hann segir sig frá áframhaldandi samstarfi við Árneshrepps lagt fram til kynningar. Oddviti mun skrifa honum bréf.

12. Óskað er eftir styrkumsókn vegna Snorraverkefnis ársins 2017. Beiðni var hafnað. Nánari umræða varðandi styrki mun fara fram við gerð fjárhagsáætlunar.

Elísa Ösp Valgeirsdóttir situr nú sinn síðasta hreppsnefndarfund og oddviti þakkar henni fyrir hönd annarra fundarmanna fyrir gott samstarf. Sveindís Guðfinnsdóttir mun taka hennar sæti í hreppsnefnd.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 23:00